

Heil og sæl öllsömul!

Það er ekki heiglum hent að kenna presti að lesa postilluna eins og skáldið sagði. Og þó er ég einmitt sett í það hlutverk í dag hérna frammi fyrir ykkur sem sérleg áhugamanneskja um William Morris án þess að geta talist beinlínis mikill viskubrunnur um hvaðeina sem varðar William Morris enda var hann margslunginn maður sem kom víða við. Í stað þess að þykjast vera sérfræðingur þá ætla ég að velta því fyrir mér hvað ég myndi segja við þennan áhugaverða og áhugasama náunga ef ég rækist á hann á næsta götuhorni.

Hvað mundi ég til dæmis ræða við hann yfir borgara og fröllum á Hamborgarapaprikunni, eins og krakkarnir segja. Ef marka má vinsælustu seríurnar á Netflix undanfarin misseri – þar sem tímaferðalög virðast ekkert tiltökumál – er það ekkert langsótt hugmynd. Víst er að Morris hefði ekki slegið hendinni á móti þeim möguleika því forvitnin var honum alltaf leiðarljós í lífinu. Bók hans, News from Nowhere, fjallar einmitt um mann sem vaknar í framtíðinni eftir langan svefn.

Ég er viss um að við Morris hefðum um margt að skrafa. Við yrðum auðvitað dálítið slegin í fyrstu, Morris yfir því að vera kominn fram á þessa undarlegu öld, ég yfir því að hitta svona merkilega sögulega persónu. Morris mundi líklega láta það verða sitt fyrsta verk að forvitnast um hvernig Íslandi hefði reitt af frá því hann þekkti hér til á árunum upp úr 1870. Og þar sem hann var sérstakur áhugamaður um gömlu íslensku bændamenninguna þá mundi hann líklega spyrja um hvernig hún dafnaði í nútímanum.

Ég yrði að viðurkenna fyrir honum að hún hefði að vísu nokkuð látið undan síga. Hins vegar stæði áhuginn á fortíðinni í miklum blóma, bæði hér heima en ekki síður erlendis. Ég gæti í leiðinni þakkað Morris fyrir sinn þátt í því en hann átti drjúgan hluta að máli í því að þýða Íslendingasögurnar yfir á ensku. Og um leið myndum við ræða nýjar nálganir í rannsóknum á miðöldum og miðaldabókmenntum.

Svo myndum við auðvitað skiptast á skoðunum um mikilvægi þess að varðveita söguleg hús eða hafnargarða en Morris stofnaði 1877 félagið Society for the Protection of Ancient Buildings. Ég gæti sýnt honum ýmis góð dæmi úr Reykjavík frá síðastliðnum árum um hús sem hafa verið

vernduð eða endurreist en yrði samt fyrst til að viðurkenna að svo sannarlega hefði ekki tekist að bjarga öllu sem vert hefði verið.

Fleira hlyti að bera á góma á þessum ímyndaða fundi með Morris. Við gætum til dæmis rætt um mikilvægi hinna skapandi greina í atvinnulífinu, bæði fyrir hagsæld okkar og menningu. Morris hafði nefnilega djúpan skilning á mikilvægi góðs sambands listamanna og hönnuða við atvinnurekstur enda starfaði hann lengi sjálfur að hvoru tveggja. Hann væri jafnvel vís með að leggja til góð ráð um hvernig best væri að bera sig að við nýsköpun á þessu sviði. Á móti gæti ég kannski kynnt fyrir honum helstu hugtök á þessu sviði í nútímanum: startup, viðskiptahraðall, tengslanet, sprotafyrirtæki, frumkvöðlastarf. Allt hugtök sem tengdust Morris nánnum böndum þótt þau hefðu ekki verið til á hans tíma. Maður gæti jafnvel hent inn sæstreng og orkupakka svona í leiðinni.

Við gætum líka skvaldrað um uppgang og þróun handverks og hönnunar á síðustu árum á Íslandi. Um hvernig menn eru í auknum mæli að hverfa aftur til hins heimagerða og lífræna og einstaka á kostnað þess fjöldaframleidda. Það mundi gleðja Morris mjög að fréttu að frumleiki og gott handverk á aftur upp á pallborðið í heiminum.

Ég mundi sjálfsagt líka vilja ræða við Morris um lýðræðið og mikilvægi þess að láta rödd sína heyrast. Morris átti það nefnilega til sjálfur að flytja pólitískar hugvekjur upp á trékassa á götuhornum Bretlands. Það er svo góð spurning hvort honum þætti samt mikið til kommentakerfanna fjölmiðlanna koma eða hvort hann væri ákafur Feisbúkkari. Sem karlinn á kassanum léti hann þó pottþétt ljós sitt skína á Twitter. **Hashtag #morris. Hashtag #alræðifegurðar.**

Ég held að Morris yrði ekki lengi að skilja þungann í umræðu nútímans um mikilvægi endurvinnslu og sjálfbærni. Hann mundi deila áhyggjum mínum af þeim hættum sem heiminum stafar af offjölgun andspænis aukinni sóun og sæi að slíkt fyrirkomulag getur ekki gengið til lengdar. Hann mundi líka vafalaust mæla með því að farið yrði hægt í sakirnar í því að ganga á náttúruauðlindir og að náttúran þyrfti alltaf að njóta vafans andspænis stóriðju. Hagmunir komandi kynslóða yrðu alltaf að ganga frammar skammtímahagsmunum.

Yfir eftirréttinum (sem gæti verið Freyjukaramellukókosbollusjeik ef við erum enn á Paprikunni) mundi ég segja honum frá bókum Tolkiens og kvikmyndunum sem Peter Jackson gerði upp úr þeim. Hlutur Morrisar er ekki lítill í því samhengi því þýðingar hans á Íslendingasögunum opnuðu Tolkien leið inn í hinn íslenska sagnaheim sem hafði alla tíð mikil áhrif á frásagnarform hins mikla sagnasnillings. Kannski mundi ég líka sýna honum stikluna úr Game of Thrones á jútjúb, sem er angi af sama meiði, og e.t.v. spyrja: What is west of Westeros? Morris veit eins og við öll að svarið við því getur aðeins verið Ísland (Færeyjar, Grænland og nýi heimurinn)!

Og af því að ég er íslenskufræðingur gæti ég ekki látið hjá líða að hlýða honum yfir beygingu óreglulegra sagna (valda-olli-ollum-valdið) í íslensku sem hann lærði forðum daga hjá Eiríki Magnússyni fyrir 150 árum. Mig grunar að hann muni það jafnvel betur en ég sjálf. Í Dagbók Morrisar skrifuð í Reykjavík 1871 segir: „Seinna fór ég með Eiríki [Magnússyni] til að hitta nokkra af vinum hans. Sá minnisverðasti var Jón Sigurðsson, forseti Alþingis, menntamaður, sem ég kannaðist vel við vegna útgáfu hans á fornsögunum. Hann virtist vera feiminn lærdómsmaður, og ég talaði við hann af íslenzku af öllum mætti.“ Það er ekki ónýtt fyrir Jón okkar Sigurðsson að eiga eftirmæli eftir sjálfan Morris!

Að lokum, ef svo skemmtilega vildi til að þetta samtal færi fram 24. mars, fengi Morris auðvitað að velja sér óskalag á Fabrikkunni eins og önnur afmælisbörn. Við gefum okkur að hann velji íslenskt – af því hann er nú staddur í okkar nútíð – en hvort skyldi hann nú velja, Bubba eða Bó? Nú eða Hatara?

Góðir gestir. Það er mér heiður að opna þessa sýningu sem er sú fyrsta héraendis sem gerir fjölbreyttum ferli Morris skil.